

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík, 15. júlí 2013  
Tilvísun: UST20130700069/bs

## **Mat á umhverfisáhrifum - Allt að 3.000 tonna eldi IcaAq ehf á bleikju og borra, vestan Grindavíkur. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða byggingu og rekstur fiskeldisstöðvar á iðnaðarlóð í vestan Grindavíkur norðan Nesvegjar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á lítt snortnu nútímahrauni og frárennsli verður á svæði nr. 105 á náttúruuminjaskrá. Ráðgert er að framleiða allt að 3000 tonn árlega af bleikju og barra. Stöðin mun nýta jarðhitavökva sem leiddur verður til sjávar frá orkuverinu í Svartsengi. Auk jarðhitavökvans verður nýtt ferskt vatn úr borholum á lóð stöðvarinnar og jarðsjór úr holum sunnan stöðvarinnar. Vatn í stöðinni verður endurnýtt að hluta, allt að 50%.

### **Förgun og frárennsli**

Frá stöðinni munu koma um 750 tonn af föstu efni á ári. Föstu efni verður náð úr kerunum með miðjufrárennsli. Þaðan verður vatni beint í gegnum tromlusúr þar sem föst efni eru skilin frá og leidd þaðan í belgi úr gegndræpum jarðvegsdúk. Unnt er að nýta set sem eftir verður í belgjunum sem áburð eða sem hráefni í lífgas. Frárennsli verður leitt til sjávar. Efnainnihald frárennslis mun verða innan þeirra marka sem sett verða í starfsleyfi.

### **Mótvægisáðgerðir og vöktun**

Umhverfisstofnun telur að vakta þurfi fráveituvatn með reglubundnum hætti og mun setja fram kröfur þar um í væntanlegu starfsleyfi fyrir stöðina. Umhverfisstofnun mun einnig við gerð starfsleyfis skoða nánar fágang frárennslisins. Þá minnir Umhverfisstofnun á að ef staðsetning frárennslis er ekki í samræmi við 2. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp er heimilt skv. 7. tl. sömu greinar að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Áður en nefndin tekur ákvörðun sína þar um skal hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að vantsnýting er háð leyfi Orkustofnunar með vísan í vatnalög nr. 15/1923 og auðlindalög nr. 57/1998.

### **Umhverfisáhrif**

Áhrif á jarðmyndanir

Á byggingartíma verður raskað nútímahrauni, en skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Framkvæmdin er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og verða áhrif þar varanleg og óafturkræf. Frárennsli frá stöðinni verður lagt í skipulagða lagnaleið með frárennsli frá orkuverinu í Svartsengi. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á við lagningu frárennslis verðu rask í fjöru takmarkað eins og kostur er.

#### Áhrif á lífríki fjöru

Fjörur vestan Grindavíkur eru á náttúruminjaskrá, svæði nr. 105. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera: „Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávertjörnum.“


Áhrif frárennslis eru talin annars vegar lítilsháttar hitastigsbreyting og lækun seltu og hins vegar aukin næringarefni. Áhrifin eru talin staðbundin og óveruleg.


#### Niðurstaða

Framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á nútímahraun, en slíkt rask á skilgreindu iðnaðarsvæði er að mestu óháð þeirri starsemi sem fyrirhuguð er á slíkum lóðum. Þótt nýtt sé sama sama lagnaleið til sjávar og aðrir aðilar ætti að gæta þess að sú framkvæmd rýri ekki verndargildi svæðis nr. 105 á náttúruminjaskrá. Losun á fráveituvatni er talin hafa óveruleg áhrif á lífríki fjörunnar. Lagt er til að vakta fráveituvatn og verða væntanlega settar fram kröfur um slíka vöktun í starfsleyfi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur